

Fundagerð skólaráðs Patreksskóla

17. nóvember 2021 kl. 15:00

Mættir eru: Ásdís Snót Guðmundsdóttir skólastjóri, Berglind Maísól Víkingur Kristjánisdóttir fulltrúi kennara og Áslaug Traustadóttir fulltrúi kennara, Agnieszka Krupa fulltrúi starfsfólks, Lilja Sigurðardóttir fulltrúi foreldra.

Fjarverandi: Lilja Sean fulltrúi foreldra og Ásdís Ásgeirsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins og Bartosz og Oliver fulltrúar nemenda.

Fundaritari: Áslaug Traustadóttir

1. Kynning á skólaráði og hlutverki þess.

Ásdís kynnti starfsmannahandbókina, skóladagatal og skólareglur stuttlega. Fulltrúar í ráðinu skoða sjálfir og senda athugasemdir eftir yfirllestur.

2. Boðun funda, dagskrá, fundarritun og fundartími (í upphafi kjörtímabils).

Ásdís fór stuttlega yfir, efni funda sent út af Ásdísi a.m.k. sólarhring fyrir fund. Fundartími ekki lengri en klst. Fundir verði þriðja miðvikudag í mánuði þegar þörf er á eða 4x á skólaári.

3. Skipan og verkefni skólaráðs (nýir fulltrúar/ upphaf kjörtímabils)

Sjá handbókina undir Teams.

4. Starfsáætlun skólaráðs

Sjá viðhengi frá fundarboðun í Teams.

5. Starfsmannahandbók

Er alveg að verða tilbúin og allir starfsmenn hafa haft aðgang að henni og haft tækifæri til að koma með umsagnir.

6. Starfsáætlun Patreksskóla

Ásdís renndi yfir og nefndin kynnir sér svo betur í Teams. Upp kom sú hugmynd að þegar nýr nemandi kæmi í skólann eða fjölskylda í bæinn þá yrði fjölskyldunni úthlutað stuðningsfjölskylda í bænum sem yrði tengiliður þeirra. Ásdís sér um að koma þessu áfram

7. Skólareglur

Ásdís fór stuttlega yfir. Byggja á uppbyggingarstefnunni og æskilegri hegðun. Eineltisáætlun osfrv.

8. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Er í vinnslu hjá Vesturbyggð. Ásdís sótti um 2 aukastöður fyrir næsta ár.

9. Gengið um skólann og skoðað hvað er gott og hvað þarf að bæta. (sbr. Hlutverk skólaráðs í lögum: Fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda).

Þessum lið var frestað þar sem taka þurfti fyrir 10. málefnið/Önnur mál.

10. **Önnur mál.** Lilja kom með hugmynd frá foreldrafélaginu að félagið tæki að sér að panta jólagjöf handa öllum nemendum á Litlu jólnum í stað þess að nemendur væru að versla sjálfir þar sem þá væri oft mikill munur á gjöfum. Sendur yrði reikningur í heimabanka. Lilja fer með þetta mál áfram.

Fundi slitið 16:07